

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

664. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 25. október 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Tillögur að uppbyggingu grasvallar í Kirkjuhvammi.
2. Bréf Sigurbjargar M. Guðmannsdóttur.
3. Bréf EBÍ – Ágóðahlutagreiðsla.
4. Fundarboð Ársfundar Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra.
5. Bréf USVH v/ knattspyrnuvallar í Kirkjuhvammi.
6. Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga
7. Bréf formanns Veiðifélags Miðfirðinga.
8. Bréf USVH v/ samstarfssamnings.
9. Bréf SSNV.
10. Boðsbréf Menningarráðs Norðurlands vestra.

Afgreiðslur:

1. Lagðar fram tillögur að uppbyggingu grasvallar í Kirkjuhvammi. Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2011.
2. Lagt fram bréf Sigurbjargar M. Guðmannsdóttur dags. 6. 10.2010, fyrirspurn um gangstéttagerð við Klapparstíg, norðan Félagsheimilisins. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
3. Lagt fram bréf EBÍ dags 12.10.2010 um ágóðahlutagreiðslu 2010. Hlutur Húnaþings vestra er kr. 2.376.000.
4. Lagt fram fundarboð á ársfund Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra, sem haldinn verður þriðjudaginn 26. október n.k.
5. Lagt fram bréf USVH dags. 14.10.2010, þar sem þeim eindregnu tilmælum er beint til sveitarstjórnar að farið verði í endurbætur á knattspyrnuvellingum í Kirkjuhvammi. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2011.
6. Lagt fram til kynningar bréf Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem greint er frá málstofu um skólamál sem haldin verður þann 1. nóvember n.k.
7. Lagt fram bréf formanns Veiðifélags Miðfirðinga dags. 12.10.2010, þar sem gerð er grein fyrir breytingum á leigusamningi um Miðfjarðará.
8. Til kynningar lagt fram bréf framkvæmdastjóra USVH, þar sem minnt er á ákvæði samstarfssamnings USVH og Húnaþings vestra.
9. Lagt fram bréf SSNV dags. 20.10.2010, þar sem óskað er tilnefningar í starfshóp sem skoði valkosti um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Byggðarráð samþykkir að Leó Örn Þorleifsson verði aðalmaður og Sigurbjörg Jóhannesdóttir verði varamaður.
10. Lagt fram bréf Menningarráðs Norðurlands vestra, þar sem sveitarstjórnarmönnum er boðið að vera viðstaddir úthlutun menningarstyrkja fimmtudaginn 28. okt. n.k. kl 17:00 á Hótel Varmahlíð.
Samþykkt að taka á dagskrá.
11. Sveitarstjóri tilkynnti að Sigurður Bragason verði fastráðinn til starfa við áhaldahús sveitarfélagsins frá 1. nóvember n.k. Sjö umsóknir bárust um starfið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal. .

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Fundi slitið kl. 14:21

Stefán E. Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari